



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
Skrifstofa Alþingis
Bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/378
komudagur 25.11.2013

Reykjavík og Akureyri, 25. nóvember 2013

Efni:

Umsögn við Frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Mál: 167 - Þskj.: 199

Heilt yfir verður það að teljast miður að heildarlöggjöf um náttúruvernd skuli láta niður falla, þar sem framsækni og metnaður í náttúruvernd getur verið undirstaða þess að laða til landsins ferðafólk sem kemur til að sækja heim ósnortin náttúrusvæði. Þessi svæði eru aðalsmerki Íslands sem aðráttarafli á heimsvísu og uppistaða í kynningarefni landsins og allar aðgerðir og löggjöf sem undirstrika vernd og viðhald þessara svæða í óbreyttri mynd telst til eflingar ferðaþjónustu og kynningar hennar á erlendri grund.

Einnig verður að teljast miður að ekki verði ráðist í kortlagningu vegaslóða á hálendinu með niðurfellingu laganna. Verið er að kortleggja auðlindir ferðaþjónustu um allt land til að geta lagt grunn að faglegri vörubrúun og uppbyggingu nýrra ferðaleiða. Til þess eru kort notuð sem reynast vel í samskiptum hagsmunadila við að leysa álitamál um landnotkun og fá nýja sýn á möguleika í vörubrúun. Það að ekki verði vitað um ferðaleiðir á hálendi og þær ekki aðgengilegar né gjaldgengar í umræðu um skipulag nýrra ferðavöru verður að teljast fjötur um fót öflugrar vörubrúunar fyrir greinina.

Virðingarfyllt

Dr. Edward H. Huijbens
Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála